

22. nóvember 2007
SI-36513

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 31. október 2007 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um skattaívilnanir vegna rannsóknna- og þróunarverkefna, 14. mál.

Samkvæmt tillögunni er fjármálaráðherra falið að „hefja nú þegar undirbúning þess að heimila skattaívilnanir vegna kostnaðar sem fyrirtæki leggja í vegna rannsókna og þróunar. Miðað verði við skilgreind og afmörkuð verkefni og ákveðið hámark sett á endurgreiðslufjárhæð hvers árs“.

Seðlabankinn er ekki sérlega til þess bær að fjalla eða ráðleggja um styrki til atvinnustarfsemi. Löggjöf í þessum anda myndi þó ljóslega auka ríkisútgjöld, en undirbúningstími yrði líklega lengri en svo að stofnað yrði til verulegra útgjalda á yfirstandandi þensluskeiði. Við slíkt hefði bankinn orðið að gera athugasemdir. Vert er að benda á að ívilnanir samkvæmt tillögunni eru í eðli sínu keimlíkar t.d. styrkveitingum Tækniþróunarsjóðs. Eðlilegt er því að skoða tillöguna með hliðsjón af starfsemi sjóðsins. Seðlabankinn sér hins vegar hvorki ástæðu til að mæla með né á móti samþykkt tillögunnar.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri